

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um frágang á hraðatakmarkara í bifreið,
nr. 71 28. janúar 1998.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Bifreið sem ber að vera búin hraðatakmarkara samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og skráð eftir 1. janúar 1994 skal hafa hann rétt stilltan og innsiglaðan eigi síðar en 1. júní 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1997, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

16. febrúar 2000

Nr. 114

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 411 11. nóvember 1993.**

1. gr.

12. gr. breytist þannig:

- a. 3. málsl. í lið 12.12 (3), sbr. reglugerð nr. 401/1994, orðist svo:
Frá 1. júní 2000 gildir ákvæðið um hópbifreið sem skráð var eftir 1. janúar 1994 og notuð er innanlands.
- b. 3. málsl. í lið 12.14 (3), sbr. reglugerð nr. 401/1994, orðist svo:
Frá 1. júní 2000 gildir ákvæðið um vörubifreið, sem skráð var eftir 1. janúar 1994 og notuð er innanlands.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.